

Umsögn/samþykki ráðuneytisins- Vaðölduver/Búrfellslundur - framkvæmdaleyfi

Til	: Haraldur Birgir Haraldsson <birgir@ry.is>
Frá	: Regína Sigurðardóttir <regina.sigurdardottir@for.is>
Heiti	: Umsögn/samþykki ráðuneytisins- Vaðölduver/Búrfellslundur - framkvæmdaleyfi
Málsnúmer	: 2408050
Málsaðili	: Landsvirkjun
Skráð dags	: 16.09.2024 16:00:01
Höfundur	: Regína Sigurðardóttir <regina.sigurdardottir@for.is>
Viðhengi	: image012.png image011.png image010.png image003.png image002.png image001.png

Góðan dag.

Forsætisráðuneytið vísar til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra, frá 11. september sl., þar sem óskað er umsagnar um veitingu framkvæmdarleyfis, vegna vindorkuvers við Vaðöldu, svokallaður Búrfellslundur.

Framkvæmdasvæði vindorkuvers við Vaðöldu er á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu, nánar tiltekið við Vaðöldu sunnan Sultartangastíflu sem liggur við upphaf Sprengisandsleiðar. Framkvæmdasvæðið er rúmlega 17 km² og er innan þess svæðis sem var til rannsóknar í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Búrfellslundur var samþykktur í nýtingarflokk 3. áfanga rammaáætlunar í júní 2022. Búrfellslundur er í samræmi við aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028. Búið er að breyta landnotkun í aðalskipulagi sveitarfélagsins og fella iðnaðarsvæði I19 inn í nýtt iðnaðarsvæði I25. Það á við það svæði sem nær til bæði aðalskipulagsbreytingar og nýs deiliskipulags. Deiliskipulag Búrfellslundar var samþykkt í sveitarstjórn Rangárþings ytra í apríl 2024 og tók gildi í 28. maí 2024 með auglýsingu í Stjórnartíðindum. Framkvæmd þessi sem sótt er um framkvæmdaleyfi fyrir er í samræmi við gildandi deiliskipulag verkefnisins. Orkustofnun veitti virkjunarleyfi fyrir Búrfellslund 12. ágúst 2024. Landsvirkjun undirritaði samning við íslenska ríkið um lands- og vindorkuréttindi fyrir Búrfellslund við Vaðöldu þann 14. ágúst 2024. Gildistími samningsins er 35 ár með möguleika á framlengingu um 15 ár.

Gert er ráð fyrir að reisa allt að 120 MW vindorkuver með allt að 30 vindmyllum. Áætluð turnhæð vindmylla er allt að 95 m og hámarkshæð vindmylla þegar spaðar eru í efstu stöðu er allt að 150 m. Við hverja vindmyllu þarf að útbúa vinnuplan, sem eftir stendur yfir rekstrartíma vindorkuversins, auk tímabundins athafnasvæðis sem er frágengið í lok framkvæmdar. Aðkoman inn á svæðið verður á tveimur stöðum, annarsvegar frá Þjórsárdalsvegi og hinsvegar frá Sprengisandsleið. Leggja þarf vegi innan framkvæmdasvæðis að hverri einstakri vindmyllu, alls um 23 km að lengd. Almenn tveir rafstrengir lagðir meðfram vegum frá vindmyllum að safnstöð vindorkuversins sem þarf að byggja fyrir rofa-, raf- og stjórnþúnað vindorkuversins. Auk þess verður geymslurými og kaffi- og hreinlætisaðstaða í húsnæðinu. Við hlið safnstöðvar er gert ráð fyrir nýju tengivirki Landsnets við Ferjufit. Gert er ráð fyrir að reisa tímabundnar vinnubúðir með matsal, skrifstofu og hreinlætis-aðstöðu ásamt geymslusvæði og steypustöð á framkvæmdartíma. Einnig er gert ráð fyrir að útbúa bílastæði og gönguleið innan svæðisins fyrir almenning ásamt áningarstað á toppi Vaðöldu með útsýnispalli.

Áætlað er að framkvæmdir vegna vegagerðar, gerð geymslusvæða og uppsetningu vinnubúða hefjist haustið 2024 og ljúki í upphafi hausts 2025. Önnur mannvirkjagerð á svæðinu fer fram vorið 2025. Gert er ráð fyrir að flutningur á vindmyllum inn á svæðið hefjist á fyrri hluta 2026 og uppsetning hefjist snemma sumars sama ár. Stefnt er á að vindorkuverið verið tekið til notkunar seinni hluta árs 2026. Að lokum fer fram landmótun og frágangur á svæðinu árið 2027.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkir að framkvæmdaleyfi skuli veitt vegna vegagerðar innan marka

framkvæmdasvæðis, eins og þeim er lýst í greinargerð með umsókn Landsvirkjunar um framkvæmdaleyfi vegna byggingar vindorkuvers við Vaðöldu og til uppsetningar vinnubúða fyrir framkvæmdina sem staðsett er innan framkvæmdasvæðisins á afmörkuðu svæði samkvæmt gildandi deiliskipulagi. Vinnubúðirnar verði tímabundin mannvirki sem verði tekin niður og fjarlægð í lok fyrirhugaðra heildarframkvæmda innan svæðisins. Fyrirhuguð framkvæmd er í fullu samræmi við gildandi deiliskipulag. Skipulags- og byggingafulltrúi sveitarfélagsins hefur tekið saman greinargerð í samræmi við ákvæði 3. mgr. 27. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, þar sem gerð er rökstudd grein fyrir samræmi við niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmdarinnar. Skipulags- og byggingafulltrúa sveitarfélagsins er falið að gefa út framkvæmdaleyfi í samræmi við framangreint. Á síðari stigum þarf framkvæmdaraðili að sækja um frekari leyfi vegna uppbyggingar vindorkuversins, þ.á.m. efnistöku, gerð áningarstaðar og byggingar vindmylla og tengivirkis. Forsætisráðuneytið samþykkir að sveitarfélagið Rangárþing ytra veiti framkvæmdaraðila framkvæmdaleyfi fyrir hinni fyrirhuguðu framkvæmd, með vísan til heimildar í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998, en tekur fram að mikilvægt sé að áfram verði haft samráð við ráðuneytið vegna frekari framkvæmda og uppbyggingar á svæðinu.

Ráðuneytið gerir kröfu um að sem minnst rask verði á landslagi, jarðvegi og á landi, að við frágang verði þess gætt að hafa yfirborð sem líkast aðliggjandi landi og að röskuð svæði verði mótuð í samræmi við landslag. Ráðuneytið gerir fyrirvara um að öll tilskilin leyfi t.a.m. framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarfélags liggi fyrir við upphaf framkvæmda.

Ráðuneytið minnir á að allar framkvæmdir og jarðrask innan þjóðlendna sem vara lengur en í eitt ár eru háðar samþykki ráðuneytisins skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 og að leyfi ráðherra þarf fyrir nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda og vindorku innan þjóðlendna skv. 2. mgr. 3. gr. sömu laga. Samþykki ráðuneytisins þarf til að nýta námur og önnur jarðefni innan þjóðlenda óháð tímalengd.

Virðingarfyllst, Regína Sigurðardóttir,

Regína Sigurðardóttir, sérfræðingur / Specialist
Forsætisráðuneyti / Prime Minister's Office
Skrifstofa fjármála / Department of Finance
Stjórnarráðshúsinu, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8400
www.stjornarradid.is / www.government.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Frá: Haraldur Birgir Haraldsson
Sent: miðvikudagur, 11. september 2024 13:43
Til: Regína Sigurðardóttir
Efni: RE: 2408050 - Vaðölduver framkvæmdaleyfi

Albesta mál, takk!

Með kveðju,

**Haraldur Birgir
Haraldsson**
Skipulags- og byggingafulltrúi

Sími 4887000
Heimasíða www.ry.is
Facebook [/rangarthing-ytra](#)
Suðurlandsvegi 1-3, 850 Hella

Þessi tölvupóstur (og viðhengi hans) er eingöngu ætlaður skráðum viðtakanda. Þeim sem fá hann ranglega til sín ber að fara að ákvæðum 9. mgr. 47 gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 og gæta fyllsta trúnaðar. Hvorki má lesa, skrá, afrita né notfæra sér póstin á nokkurn hátt og ber viðkomandi að tilkynna samstundis að hann hafi ranglega borist sér. Loks er þess óskað að tölvupósti þessum og viðhengjum hans verði eytt. Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður.

From: Regína Sigurðardóttir <regina.sigurdardottir@for.is>
Sent: miðvikudagur, 11. september 2024 13:41
To: Haraldur Birgir Haraldsson <birgir@ry.is>
Subject: RE: 2408050 - Vaðölduver framkvæmdaleyfi

Jám, Sigurður kemur úr frí í næstu viku – ætla aðeins að fá hans álit og athuga hvort hann sé ekki sammála mér þegar ég skrifa umsögnina.

Með kveðju, Regína

Regína Sigurðardóttir, sérfræðingur / Specialist
Forsætisráðuneyti / Prime Minister's Office
Skrifstofa fjármála / Department of Finance
Stjórnarráðshúsinu, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8400
www.stjornarradid.is / www.government.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Frá: Haraldur Birgir Haraldsson <birgir@ry.is>
Sent: miðvikudagur, 11. september 2024 13:39
Til: Regína Sigurðardóttir <regina.sigurdardottir@for.is>
Efni: RE: 2408050 - Vaðölduver framkvæmdaleyfi

Frábært, og takk
Því fyrir því betra en allt tekur sinn tíma!

Með kveðju,

**Haraldur Birgir
Haraldsson**
Skipulags- og byggingafulltrúi
Sími 4887000
Heimasíða www.ry.is
Facebook [/rangarthing-ytra](#)
Suðurlandsvegi 1-3, 850 Hella

Þessi tölvupóstur (og viðhengi hans) er eingöngu ætlaður skráðum viðtakanda. Þeim sem fá hann ranglega til sín ber að fara að ákvæðum 9. mgr. 47 gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 og gæta fyllsta trúnaðar. Hvorki má lesa, skrá, afrita né notfæra sér póstinn á nokkurn hátt og ber viðkomandi að tilkynna samstundis að hann hafi ranglega borist sér. Loks er þess óskað að tölvupósti þessum og viðhengjum hans verði eytt. Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður.

From: Regína Sigurðardóttir <regina.sigurdardottir@for.is>
Sent: miðvikudagur, 11. september 2024 13:18
To: Haraldur Birgir Haraldsson <birgir@ry.is>
Subject: RE: 2408050 - Vaðölduver framkvæmdaleyfi

Sæll, takk fyrir.

Ráðuneytið er auðvitað búið að semja við Landsvirkjun um lands- og vindorkuréttindi vegna Búrfellslundar, vindorkugarðs við Vaðöldu, sjá hér <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2024/08/14/Samningur-um-lands-og-vindorkurettindi-vegna-Burfellslundar-undirritadur/>
Sé einnig að sveitarstjórn hefur samþykkið að framkvæmdaleyfi skuli veitt. Þannig að ég efast um að þetta verði mikið mál en gefðu mér 1-2 vikur til að semja einhverja formlega umsögn og senda inn í gáttina.

Með kveðju, Regína

Regína Sigurðardóttir, sérfræðingur / Specialist
Forsætisráðuneyti / Prime Minister's Office
Skrifstofa fjármála / Department of Finance
Stjórnarráðshúsinu, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8400
[www.stjornarradid.is](#) / [www.government.is](#) - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Frá: Haraldur Birgir Haraldsson <[birgir@ry.is](#)>
Sent: miðvikudagur, 11. september 2024 13:01
Til: Regína Sigurðardóttir <[regina.sigurdardottir@for.is](#)>
Efni: 2408050 - Vaðölduver framkvæmdaleyfi

Heil og sæl Regína
Ég var að senda þér beiðni um umsögn í gegnum Skipulagsgáttina rétt í þessu.
Um er að ræða umsókn Landsvirkjunar um framkvæmdaleyfi.
Ég setti þetta inn sem grenndarkynningu en gott væri að fá afgreiðslu ykkar eins fljótt og kostur er, þannig að dagsetningin sem gefin er upp er ekki heilög.

Með kveðju,

**Haraldur Birgir
Haraldsson**
Skipulags- og byggingafulltrúi

Sími 4887000
[Heimasíða](#) [www.ry.is](#)
[Facebook](#) /[rangarthing-ytra](#)
Suðurlandsvegi 1-3, 850 Hella

Þessi tölvupóstur (og viðhengi hans) er eingöngu ætlaður skráðum viðtakanda. Þeim sem fá hann ranglega til sín ber að fara að ákvæðum 9. mgr. 47 gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 og gæta fyllsta trúnaðar. Hvorki má lesa, skrá, afrita né notfæra sér póstinn á nokkurn hátt og ber viðkomandi að tilkynna samstundis að hann hafi ranglega borist sér. Loks er þess óskað að tölvupósti þessum og viðhengjum hans verði eytt. Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður.